



## YFIRLIT ÁRSINS 2022

### Umferðarsvið



*Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.*

## Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN .....	3
YFIRLIT ÁRSINS 2022 - Umferðarsvið .....	3
Tillögur í öryggisátt 2022 .....	5
Öryggisáætlun og áhættumat á akstursleiðum og breytingum á vögnum.....	5
Öryggisúttekt – bæta þarf umferðaröryggi við gatnamótin.....	5
Varhugaverð gatnamót .....	5
Hönnun á umferðarmannvirkjum fyrir alla vegfarendur .....	5
Djúpvegur í Skötufirði 16. janúar 2021 .....	5
VETTvangur BANASLYSA 2022.....	6
ERLENT SAMSTARF 2022 .....	6

## NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Árið 2022 unnu eftirfarandi nefndarmenn að skýrslum um banaslys í umferðinni á umferðarsviði RNSA.

- Geirprúður Alfreðsdóttir, flugstjóri og verkfræðingur (formaður)
- Ásdís J. Rafnar lögfræðingur, (aðalmaður)
- Guðmundur Freyr Úlfarsson, verkfræðingur (aðalmaður)
- Guðrún Nína Pedersen, veðurfræðingur (varamaður)

Á umferðarsviði RNSA eru tveir starfsmenn. Rannsóknarstjóri á umferðarsviði árið 2022 var Sævar Helgi Lárússon, verkfræðingur. Á árinu lét Hinrik Jónannsson, rannsakandi á umferðarsviði, af störfum og við honum tók Helgi Þorkell Kristjánsson. Helgi Þorkell starfaði sem lögreglumaður í 15 ár og er með meistaranám í stjórnun.


Umferðarslysasvið sinnir útköllum á landsvísu og er sviðið skipulagt með þeim hætti að a.m.k annar starfsmaður þess sé alltaf tiltækur til að sinna útkalli.

## YFIRLIT ÁRSINS 2022 - Umferðarsvið

Árið 2022 létust alls níu einstaklingar í níu umferðarslysum. Af þessum níu voru fimm óvarðir einstaklingar. Einn þeirra var á rafhlaupahjólum og einn á snjóbotu.


Í fjórum slyssanna létust farþegar eða ökumenn í ökutækjum. Þrjú útafakstrar og ein framanákeyrsla.

Tveir erlendir ferðamenn létust í umferðinni 2022. Erlendur ferðamaður lést eftir að hafa orðið fyrir lyftara á Djúpavogi og hinn lést í framanákeyrslu á Suðurlandsvegi.




Mynd 1: Fjöldi banaslysa og látinna í umferðarslysum á Íslandi.

Á mynd hér að ofan sést þróun banaslysa undanfarnir 12 ár. Fjöldi banaslysa undanfarnir 4 ár hafa verið færri en árin þar á undan. Bindur nefndin vonir við að fjöldinn muni ekki aukast með fyrirséðri aukningu ferðamanna.



Mynd 2: Látnir í umferðarslysum á Íslandi eftir vegfarendahópum.

Ef litið er aftur til ársins 2016 sést að mikil fækkun hefur orðið á banaslysum fólks í bifreiðum. Ein skýring á því er fækkun erlendra ferðamanna vegna COVID-19 faraldursins en einnig hefur verið mikil framför í öryggiskerfum bifreiða sem og umbætur í vegakerfinu. Fækkun hefur orðið á banaslysum í dreifbýli undanfarin ár samfara fækkun banaslysa, en banaslys óvarinna vegfarenda verða helst í þéttbýli. Á gulu súlunni á mynd 2 undir „Annað“ fyrir árið 2021 kemur fram í tölfræðinni fyrsta banaslysið á Íslandi sem tengist rafskútum (rafhlaupahjólum).



Mynd 3: Staðsetning banaslysa.

Árið 2022 voru haldnir 16 fundir hjá umferðarsviði RNSA og var skýrslum um 4 banaslys í umferðinni lokið. Birti nefndin alls 6 tillögur í öryggisátt í skýrslunum og 9 ábendingar.

## Tillögur í öryggisátt 2022

### Öryggisáætlun og áhættumat á akstursleiðum og breytingum á vögnum

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Gnoðarvogi þegar strætisvagn ók á gangandi vegfaranda birti nefndin tillögu í öryggisátt til Strætó bs um að áhættumeta akstursleiðir og breytingar sem gerðar eru á almenningsvögnum.

### Öryggisúttekt – bæta þarf umferðaröryggi við gatnamótin

Í sömu skýrslu beindi RNSA því til Reykjavíkurborgar að framkvæma öryggisúttekt á slysstað og vinna að úrbótum til að auka umferðaröryggi á gatnamótum Skeiðavogs og Gnoðavogs. Gatnamótin eru fjölfarin og eins eru þau við bæði framhaldsskóla og grunnskóla. Að mati nefndarinnar eru tækifæri til þess að bæta umferðaröryggi á þessum stað.

### Varhugaverð gatnamót

RNSA beindi til Garðabæjar að bæta umferðaröryggi á gatnamótum Kaupþúns og Urriðaholtsstræti í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem þar varð þegar ekið var á gangandi vegfaranda. Sveitarfélagið hefur nú þegar unnið öryggisúttekt og framkvæmt breytingar á slysstað.

### Hönnun á umferðarmannvirkjum fyrir alla vegfarendur


Í skýrslu RNSA um banaslys sem varð á gatnamótum Kaupþúns og Urriðaholtsstræti beindi nefndin einnig tillögu til Vegagerðarinnar og Samband íslenskra sveitarfélaga að leggja sérstaka áherslu á að öryggis og hagsmuni gangandi og hjólandi vegfarenda sé gætt.

### Djúpvegur í Skötufirði 16. janúar 2021

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Djúpvegi í Skötufirði birti nefndin tvær tillögur í öryggisátt. Annars vegar tillögu til Almannavarna um mikilvægi þess að áhættugreina aðgerðir og hins vegar til Neyðarlínunnar og Landsspítalans um fjarlækningar. Var nefndinni í framhaldi tilkynnt um að vinna við innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu væri eitt af lykilverkefnum Landspítalans í samvinnu við Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hjá Embætti Landlæknis.

## VETTVANGUR BANASLYSA 2022

Banaslysinn árið 2022 dreifðust talsvert um landið. Tvö banaslysanna urðu á höfuðborgarsvæðinu og eitt við Akranes. Eitt banaslys varð á Akureyri og annað á Laugum, þrjú á Suðurlandi og eitt banaslys á Austfjörðum.



Staðsetning banalysa árið 2022

## ERLENT SAMSTARF 2022

Fulltrúar frá rannsóknarnefndum samgönguslysa frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Hollandi hittast árlega þar sem stofnanir bera saman bækur sínar, kynna rannsóknir og læra hver af öðrum. Svíar voru gestgjafar árið 2022 og fór fulltrúi nefndarinnar með erindi á þann fund.



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík  
Sími: 511 6500 - netfang: RNSA@RNSA.is